

**Fréttabréf apríl 2018**



### **Félag eldri borgara í heimsókn**

Þann 13. mars komu þau Alda og Erlendur frá Félagi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Hulduheimum, er þetta liður í samstarfi leikskólans og Félags eldri borgara. Þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

### **Heimsóknir**

Um miðjan mars komu nemar í heimsókn til okkar sem eru á Fagnámskeiði hjá Fræðsluneti suðurlands. Nemarnir dvöldu hjá okkur part úr degi og kynntu sér starfsemi leikskólans. Nemarnir fylgdust með íþróttatíma í íþróttahúsinu og starfi inn á deildum.

Seinna sama dag komu svo 20 starfsmenn Óskalands í Hveragerði til okkar og skoðuðu leikskólann, lóðina hjá okkur og kynntu sér starfsemi leikskólans. Þökkum við öllum kærlega fyrir komuna.

### **Íþróttasýning**

Íþróttasýning verður fimmtudaginn 12. apríl kl. 10.00 í íþróttahúsinu, foreldrum og ættingjum er sérstaklega boðið að koma og horfa á íþróttasýninguna, sem er þó opin öllum, og er þetta jafnframt síðasti íþróttatíminn í vetur. Settur verður upp stöðvahringur eins og gert er allan veturinn. Biðjum við foreldra að sitja kyrr í stúkunni á meðan börnin fara með kennurum sínum í búningssklefana. Borið hefur á því að foreldrar eru að koma inn í búningssklefa og verður þá erfiðara fyrir báða aðila að kveðja.

***Biðjum við foreldra að virða þetta.***

### **Útskrift 6 ára barna**

Við ætlum að gera breytingar á útskrift 6 ára barna í leikskólanum þetta árið. Foreldrafélag leikskólans mun bjóða elstu börnunum út að borða ásamt kennurum á Hendur í Höfn í hádegina 25. apríl. Hefur það verið útskriftarathöfnin undanfarin ár en þetta árið ætlum við líka að hafa útskriftarathöfn í maí þar sem foreldrum er boðið að vera viðstödd. Við það tækifæri verður börnunum afhent útskriftarplagg og leikskólinn færir börnunum kveðjugjöf. Þetta verður auglýst betur þegar nær dregur.

### **Framkvæmdir**

Endurbótum á elsta hluta leikskólans á að ljúka í byrjun apríl og verður þá strax hafist handa við að laga lóðina þar fyrir framan. Ætlunin er að gera nýtt leiksvæði á lóðinni fyrir yngstu börnin sem verður afgirt. Áfram verða því einhverjar framkvæmdir hjá okkur og rask sem því fylgir.

### **Foreldrafundur 6 ára barna**

Miðvikudaginn **2. maí** kl 8.10 verður fundur foreldra 6 ára barna, fundurinn er haldinn í Frístundarstofunni, sem er við hliðina á Goðheimastofunni. Á þessum fundi þurfa foreldrar að **skila uppsögn á leikskólavistinni**, svo hægt sé að skipuleggja aðlögun nýrra nemenda í

leikskólann. Fulltrúi frá Frístund mætir og verður með umsóknareyðublöð fyrir næsta vetur og kynnir hvað er í boði í Frístund.

### Fatapokar

Kæru foreldrar taupokarnir sem fara heim með blautum fötum í hafa verið að skila sér illa til baka og vantar okkur tilfinnanlega poka. Viljið þið vinsamlega athuga hvort það séu, að safnast upp, pokar hjá ykkur skila þeim þá til okkar.

Vikan 1.- 7. apríl

2. apríl annar í páskum, leikskólinn lokaður.  
5. apríl íþróttir, muna þægilegan fatnað.  
6. apríl söngstund og [blár litadagur](#).

Vikan 8. -14. apríl

10. apríl Félag eldri borgara kemur í heimsókn á Trölllaheima  
12. apríl íþróttasýning, allir velkomnir að koma og sjá afrakstur vetrarins.  
13. apríl rugldagur, opið á milli deilda kl. 10-11

Vikan 15. -21. apríl

19. apríl sumardagurinn fyrsti, leikskólinn lokaður.  
20. apríl söngstund

Vikan 22. – 28. apríl

25. apríl útskrift 6 ára barna í Hendur í Höfn.  
27. apríl söngstund

Vikan 29. apríl– 5. maí

1. maí Verkalýðsdagurinn, leikskólinn lokaður  
2. maí Foreldrafundur 6 ára barna á Goðheimum

Með kveðju

Elsa aðstoðarleikskólalastjóri